


Maintx viðhaldsstjórnunarkerfi

- samtenging starfsstöðva með eigin gagnagrunn við miðlægan gagnagrunn



Almennt

Maintx viðhaldsstjórnunarkerfið hjálpar þér með einfaldari og hagkvæmari hætti að stýra viðhaldi á eignum fyrirtækisins, þ.e. viðhaldsverkefnum, viðhaldssögu og kostnaði.

Með Maintx er auðvelt fyrir fyrirtæki með skipafloata, þar sem netsamband er óreglulegt, að vera annars vegar með viðhaldskerfið uppsett í hverju skipi og hins vegar vera með miðlæga uppsetningu á kerfinu (miðlægur gagnagrunnur) á aðalskrifstofu sinni, þar sem öll gögn úr gagnagrunnunum í skipunum eru lesin inn um leið og skipin er komið með nettengingu og eins eru þá upplýsingar úr miðlæga gagnagrunninum lesnar inn í gagnagrunn hvers skips um leið.

Ávinningur

Ávinningurinn fyrir aðalskrifstofuna í landi af samtengingunni er m.a. sá að hún fær sjálfkrafa allar upplýsingar um viðhaldsverkefni, varahlutanotkun og kostnað lesnar rafrænt í miðlæga grunninn og hefur þannig fullkomnar upplýsingar um þessa þætti.

Ávinningurinn fyrir skipið af samtengingunni er m.a. sá að skýrslugjöf til aðalskrifstofu um viðhald er að mestu sjálfvirk og að stjórnun varahlutanotkunar verður mun betri, sem dregur úr hættunni á að skipið verði órekstrarhæft um lengri tíma vegna skorts á varahlutum.

Tilgangurinn með því að tengja saman Maintx gagnagrunna með þessum hætti er að hámarka skilvirkni og gera gögn aðgengilegri fyrir hvort kerfið fyrir sig.